

MINNINGAR

GYÐRÍÐUR SVEINSDÓTTIR

† Gyðríður Sveinsdóttir var fædd í Eyvindarhólum undir Eyjafjöllum 13. apríl 1906. Foreldrar hennar voru Jóhanna Margrét Sigurðardóttir, f. 21.10. 1879, d. 2.6. 1968, og Sveinn Sveinsson, f. 5.12. 1875, d. 14.1. 1965, bónda á Ásum í Skaftártungu. Þau hjónin ráku einnig búskap á Fossi í Mýrdal um árabil og eru kennd við þann bæ og fluttust þangað búferlum 1942, en fluttu til Reykjavíkur 1949 og bjuggu þar til æviloka. Gyðríður var þriðja elst af 15 systkinum, þrjú létust í frumbersku, en fimm á fullorðinsaldri. Gyðríður lærði til ljósmóður



og var ljósmóðir í Dyrhólahreppi 1932-37. Ráðskona á Bændaskólanum á Hvanneyri 1937-46. Við vefnaðarnám í Stokkholmi frá 1946 og lauk námi sem vefnaðarkennari 1949. Að námi loknu setti hún upp vefstofu ásamt Ingunni systur sinni, sem þær starfræktu í nokkur ár. Starfaði hjá Guð-

mundi Arasyni systursyni sínum í Þvottahúsinu Fönn frá því að það var stofnað, þar til hún hætti sökum aldurs. Hún var virk félagskona í Kvenfélagi Dómkirkjunnar í mörg ár. Útför Gyðríðar hefur farið fram.

Góð kona er gengin á vit feðra sinna.

Fyrst man ég Gígju nýkomna frá námi í Svíþjóð. Ég var send til hennar einhverra erinda. Hún bauð mér í vefstofuna sína og sýndi mér vandaðan vefnað sem hún hafði unnið þ.á m. fállega damaskdúka.

Það sem mér er einna minnstæðast er að hún talaði við mig telpuna sem ég væri fullorðin. Löngu síðar lágu leiðir okkar saman í Kvenfélagi Dómkirkjunnar þar sem við sátum ásamt öðrum félagskonum við hannyrðir uppi á kirkjulofti Dómkirkjunnar að undirbúa jóla- eða vorbasar kirkjunni til góða. Í minningunni er þessi góði félagskapur grópaður í umgjörð kirkjuloftsins í brúnum við, með fangamark Kristjáns konungs VIII í öndvegi, sem varpar öldnum blæ yfir þær myndir sem bregða fyrir í huganum frá þessum vetrarkvöldum. Á margan hátt var þetta vinkonufélagsskapur, sem átti það sameiginlegt að styrkja og prýða Dómkirkjuna. Raddir fæstra kvennanna óma lengur herna megin grafar, en andblær þeirra og helgistundanna dvelja þar enn. Gígja vann félaginu og kirkjunni vel án þess að hafa hátt um unnin verk.

Hún var þægileg og vinsamleg í allri framkomu og stutt í græskulausa kímní og hnittin tilsvör. Við vorum oft samferða á þessa fundi og frá þeim og maðurinn minn þá gjarnan blástjörinn, sem leiddi um-

ræðuna frekar að landsins gagni og nauðsynjum, eða hreint út sagt pólitík. Eftir að hafa setið penar og þrúðar á fundi í Dómkirkjunni í heilt kvöld urðu þetta stundum nokkuð snögg viðbrögð. Gígja tók þessu eins og til var ætlast, sem gamanmáli og sagði fátt og var ýmist með eða á móti, en gat yfirleitt gert viðmælandann orðlausan með myndrænum og spaugilegum orðum, og/eða orðatiltækjum, svo við máttum vart mæla fyrir hlátri.

Eftir Gígju liggur mikil handavinna og má segja að hún hafi alltaf haft eitthvað á þrjónunum, einkum eftir að hún hætti að vinna úti. Hún gaf okkur hjónum væna þrjónailskó, sem hlýja okkur ekki síður um hjartað því með svo góðum hug voru þeir gefnir.

Það var gæfa móður minnar, Þorgerðar Þorgilsdóttur, þá rétt ellefu ára, þegar móðir hennar var ráðin til starfa hjá foreldrum Gígju, sæmdarhjónum Jóhönnu Sigurðardóttur og Sveins Sveinssonar að Ásum í Skaftártungu. Sveinn og faðir móður minnar voru systrasynir. Sveinn hafði farið austur að Svínafelli og sótt ekkju frænka síns, Guðrúnu, og fjögur börn hennar. Tvö hin eldri réðust í kaupamennsku í bæi á Síðunni, en tvö yngstu fylgdu móður sinni að Ásum. Móðir mín fékk ekki einungis notið móður sinnar og lítið eldri bróður heldur var hún strax tekin sem ein af börnum þeirra hjóna og börn þeirra tóku hana einnig sem

sína systur. Þetta var á vordögum 1911.

Ásar voru mikið menningar- og myndarheimili, sem lá í þjóðbraut og því mikill gestagangur. Jóhanna og Sveinn voru með afbrigðum gestrisin og hef ég fyrir satt að börnin hafi oft sofíð í hlöðunni á sumrin, en gestir notið hvílu þeirra í bænum og var það meira en guðvelkomið.

Símon Dalaskáld dvaldist um tíma á Ásum og gerði mikinn brag um börnin þar og húsfreyjuna. Eftir lýsingu að dæma voru börnin afbragð annarra barna. Því miður hefur þessi ljóðabálkur glutrast niður á milli kynslóða, en tvær vísur eru til um húsfreyjuna:

Glöð Jóhanna grönn og há
grær með hrelldu og ungu.
Konan fríust Ásum á
er í Skaftártungu.

Prýðin hjarta hrein og bein
ber af öðrum konum.
Blítt sinn faðmar bóndann Svein.
Börn fimm á með honum.

Þegar móðir mín var fimmtán ára var hún ráðin í kaupavinnu í Mýrdalinn. Kveðjustundin reyndist henni þungbær og við Hemru lét hún reiðskjótann staldra við og horfði yfir til Ása með söknuði. Hún vissi það ekki þá að frændsemi og góðvild húsráðenda og barna þeirra entist henni svo lengi sem líf gaf.

Við Jón þökkum Gyðríði fyrir ánægjulegar samverustundir og biðjum henni blessunar og hennar ágæta fólki lífs og líðnu.

Bryndís Jónsdóttir.

Okkur systkinin langar til að minnast Gígju ömmusystur okkar. Gígja var systir Ingu ömmu en að mörgu leyti var hún eins og þriðja amma okkar. Það er margt sem kemur upp í huga okkar við þessi skrif. Gígja frænka var kjarnorkona og oft á undan sinni samtíð. Hún vildi hafa sitt á hreinu og gat verið þrjósök eins og Sveinsættin. Gígja var mikil félagsvera og var gaman að vera í návist hennar. Hún gerði mikið í því að umgangast fólk og var frændrækin. Gígja var líka oft tilbúin að gera ýmislegt með manni þó að fyrirvarinn væri ekki mikill. Það var gott að vera nálægt henni. Aldur skipti Gígju aldrei máli og oft gleymi maður því hvað Gígja var gömul.

Gígja var vinnusöm og mikil handavinnukona. Heklaðir dúkar, lopapeysur, Gígjuskór og margt fleira kemur upp í hugann. Gígju-skóna kölluðum við í daglegu tali Gígjusokka. Þessir skór voru úr sexföldu bandi enda hlýir og endingagóðir. Það var ekki sama hvaða band fór í skóna og var það oft sérvalið. Gígja þrjónaði mikið af þessum skóm og margir hafa fengið þá að gjöf, þ.á m. margir vinir okkar systkininna og ganga þessir skór þar áfram undir nafninu Gígjusokkar.

Jólagjafir frænku vöktu alltaf eftirvæntingu okkar. Þær voru skemmtilega útbúnar og mikið í þær lagt. En það voru ekki bara við sem fengum gjafir. Einu sinni áttum við kött og hann var ekki skilinn útundan. Gígja hafði þrjónað fjóra litla sokka á hann líka og vakti þetta mikla hrifningu hjá okkur. Svona var Gígja, fann oft upp á hlutum til að gleðja aðra.

Við systkinin höfum verið heppin að eiga frænku eins og Gígju og það er margt sem hún skilur eftir í huga okkar. Hún kenndi okkur margt sem seint lærast í skólum og það ber að þakka. Við vitum að hún verður með okkur og passar upp á okkur og fylgist með okkur.

Við viljum gjarnan fá að þakka starfsfólki Hrafnistu, og þá sérstaklega Bessa, fyrir að hugsa um frænku. Hvíl þú í friði elsku frænka.

Þín,
Eliza, Ari, Gestur Ben,
Ingi Þór, Hjördís
og fjölskyldur.



Eiginmaður minn og faðir okkar,
SIGTRYGGUR SÍMONARSON
fyrirverandi mjólkurbílstjóri,
Norðurgötu 34,
Akureyri,

verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 12. ágúst kl. 13.30.




Hrafnhildur Aðalsteinsdóttir,
Torfi, Svanhildur, Kolfinna og Jórunn Sigtryggsbörn.



Faðir okkar,
ÞORGEIR PÉTURSSON,
Bólstaðarhlíð 58,

verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 12. ágúst kl. 15.00.
Blóm og kransar afþakkaðir, en þeir, sem vilja minnast hans, láti líknarfélög njóta þess.




Guðrún Þorgeirsdóttir,
Ágúst Þorgeirsson,
Auður Þorgeirsdóttir,
Kolbrún Þorgeirsdóttir,
Anna Dóra Þorgeirsdóttir,
Halla Þorgeirsdóttir.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ÞÓRHALLUR BARÐASON
frá Siglufirði,
síðast til heimilis
á Hrafnistu í Hafnarfirði,

verður jarðsönginn frá Langholtskirkju þriðjudaginn 12. ágúst og hefst athöfnin kl. 15.00.




Barði Þórhallsen, Ingibjörg Möller,
Brynja Guðmundsdóttir, Bjarni Kjartansson,
barnabörn og barnabarnabörn.



Útför
ÁSMUNDAR SIGURJÓNSSONAR,
Háteigsvegi 26,
Reykjavík,

fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 11. ágúst kl. 13.30.



Lis Sigurjónsson,
börn og barnabörn.



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og bróðir,
PÁLMI A. ARASON
prentari,

verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 12. ágúst kl. 13.30.



Margrét A. Pálmadóttir, Hreinn Mýrdal Björnsson,
Íris Bórk Hreinsdóttir,
Pálmi A. Hreinnsson,
Sigurfinnur Arason.



Ég þakka innilega öllum þeim, sem sýndu mér og mínum samúð við fráfall konu minnar,

GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR.

Jónas Árnason.



Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför

SKÚLA ÁGÚSTSSONAR,
Hátúni 10a.

Systkini hins látna og fjölskyldur þeirra.



Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
JÚLIUS MAGNÚSSON,
Hraunbæ 103,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 5. ágúst síðastliðinn.
Jarðarförin fer fram í kyrirþey.

Börn, tengdabörn,
barnabörn og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
KATRÍN GÍSLADÓTTIR,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju mánudaginn 11. ágúst kl. 13.30.



Arndís Guðjónsdóttir, Jón Guðjónsson,
Magnús Guðjónsson, Marta Bjarnadóttir
og fjölskyldur.